

# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Eriandi nr. P 136/810  
komudagur 11.2.2009

11. febrúar 2009  
Tilvísun: 2009020025


**Frumvörp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, (greiðsluaðlögun), 278. mál, (skuldaaðlögun) og frumvarp til laga um greiðsluaðlögun 275. mál.**


Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts dags. 6. febrúar 2009 þar sem sent var til umsagnar frumvörp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, (greiðsluaðlögun), 278. mál, (skuldaaðlögun) og frumvarp til laga um greiðsluaðlögun 275. mál. Framangreind frumvörp hafa það að markmiði að gefa einstaklingum sem glíma við verulega fjárhagserfiðleika kleift að endurskipuleggja fjármál sín.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, liggur ekki fyrir hvaða áhrif frumvarpið, verði það að lögum, hefur á Íbúðalánasjóð eða fjármálastofnanir í eigu ríkisins umfram þær afskriftir lána sem eru fyrirsjáanlegar eftir að þrengdi að í efnahagskerfinu. Fjármálaeftirlitið hefur engar forsendur til að meta hvaða mögulegu áhrif slík úrræði hafa fyrir Íbúðalánasjóð og fjármálastofnanir í eigu ríkisins. Hins vegar má almennt ætla að greiðsluaðlögunarúrræði einstaklinga sé til þess fallið að bæta innheimtu skulda.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Arni Huldur Sveinbjörnsson